

Sp. 295. Tillaga til þingsályktunar [158. mál]

um heimild til fullgildingar á samningum Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu og við Kola- og Stálbandalag Evrópu og enn fremur um samþykkt á breytingum á stofnsamningi Fríverzlunarsamtaka Evrópu.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973).

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að fullgilda samning milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu og samning milli lýðveldisins Íslands og aðildarríkja Kola- og Stálbandalags Evrópu.

Enn fremur ályktar Alþingi að heimila ríkisstjórninni að samþykkja þær breytingar á stofnsamningi Fríverzlunarsamtaka Evrópu (EFTA), sem leiða af úrsögn Bretlands og Danmerkur úr samtökunum.

Greinargerð.

Hinn 22. júlí 1972 voru undirritaðir samningar Íslands og Efnahagsbandalagsins og Íslands og Kola- og Stálbandalags Evrópu. Með tillögu þessari er farið fram á heimild Alþingis til þess að fullgilda samningana. Sú heimild er nauðsynleg vegna skuldbindinga, sem í samningunum felast um lækkun og afnám tolla á innflutningi frá Efnahagsbandalagi Evrópu, en ekki vegna annarra ákvæða samninganna. Samkvæmt samningnum við Efnahagsbandalagið geta tollalækkunarir hafizt 1. apríl 1973, hafi samningurinn hlotið fullgildingu fyrir 1. marz n. k.

Enn fremur er farið fram á heimild fyrir ríkisstjórnina til að samþykkja þær breytingar á stofnsamningi Fríverzlunarsamtaka Evrópu (EFTA), sem leiða af úrsögn Bretlands og Danmerkur úr samtökunum. Bráðabirgðasamkomulag hefur verið gert á vegum EFTA, sem gerir ráð fyrir, að fríverzlun sú, sem var í gildi fyrir áramót milli núverandi EFTA-landa annarsvegar og Bretlands og Danmerkur hinsvegar, skuli að mestu leyti haldast óbreytt 1. ársfjórðunginn 1973.

Samningurinn ásamt greinargerð um hann verður lagður fyrir Alþingi síðar.